



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

OPNUN NÝS NORRÆNS SAFNS Í SEATTLE

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, og Eliza Reid forsetafrú héldu í gær, fimmtudaginn 3. maí, til Seattle í Bandaríkjunum til að vera þar viðstödd vígslu nýrra húsakynna Norræna safnsins þar í borg. Við formlega opnun safnsins á morgun, laugardag, mun forseti ávarpa gesti, þeirra á meðal Mary, krónprinsessu Danmerkur, og ráðherra og sendiherra frá Norðurlöndum auk heimamanna.

Í ferðinni mun forseti einnig sitja fyrir svörum á umræðufundi World Affairs Council í Seattle sem haldinn er í ráðstefnumiðstöð Amazon fyrirtækisins. Þá mun forseti sitja fund með stjórnendum Microsoft hugbúnaðarfyrirtækisins og verður þar meðal annars fjallað um stöðu íslenskrar tungu í heimi tölvutækninnar. Loks heimsækir forseti Bill and Melinda Gates Foundation, góðgerðastofnun sem fjármagnar baráttu gegn fátækt og sjúkdómum víða um lönd. Stofnunin hefur lagt þung lóð á vogarskálarnar til varnar gegn smitnæmum barnasjúkdómum.

Meðal annarra verkefna í Seattle eru heimsókn til fyrirtækisins Marels þar sem forseti mun ávarpa fund sem Íslenski sjávarklasinn efnir til og einnig mun forseti hitta Íslendinga sem búsettir eru á þessu svæði.

Í ferðinni mun Eliza Reid forsetafrú taka þátt í dagskrá forsetans en auk þess mun hún flytja ávarp á fundi um ferðaþjónustu, sem Íslandsstofa stendur fyrir, og ávarpa málstofu sem Norræna safnið efnir til um hlutverk sitt og verkefni framundan.

4. maí 2018

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).